

Nd.

**208. Frumvarp til laga**

[112. mál]

um verkfræðiskrifstofu Vestfjarðakjördæmis.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Stofna skal verkfræðiskrifstofu á Ísafirði til þess að annast verkfræðilegan undirbúning og fylgjast með framkvæmd opinberra framkvæmda í Vestfjarðakjördæmi.

2. gr.

Skrifstofan er ríkisstofnun, og er aðalverkefni hennar að annast verkfræðilegan undirbúning vega- og brúargerða, hafnargerða og lendingarbóta, svo og undirbúning skipulagsmála í kjördæminu, allt undir yfirstjórn vegamálastjóra, vitamálastjóra og skipulagsstjóra.

Skrifstofan skal einnig annast hvers konar önnur verkfræðistörf við mannvirki og framkvæmdir, sem til er stofnað á vegum ríkisins og ríkisstofnana að einhverju eða öllu leyti, svo sem byggingu skóla, sjúkrahúsa, embættisbústaða, sundlauga, félagsheimila o. s. frv.

3. gr.

Þá skal skrifstofan enn fremur annast hvers konar verkfræðilegan og tæknilegan undirbúning mannvirkjagerðar og framkvæmda, sem sveitarstjórnir á Vestfjörðum fela skrifstofunni að vinna. Fyrir slík verk skrifstofunnar greiða sveitarfélögin í réttu hlutfalli við þá þjónustu, sem hún veitir þeim hverju um sig.

4. gr.

Skrifstofan getur einnig tekið að sér verkfræðistörf fyrir einstaklinga og fyrirtæki í Vestfjarðakjördæmi, enda komi full greiðsla fyrir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt eindreginni ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar. Megintilgangur frumvarpsins er sá að tryggja bættá sérfræðiþjónustu í verklegum efnum í Vestfjarðakjördæmi. Og er þess sízt vanþörf.

Bæjarstjórnin á Ísafirði lét aðeins þessi fáu orð fylgja tillögunni:

„Samþykkt þessi þarfnast ekki nánari skýringa, en aðeins er bent á til áréttingar, hversu mikilsverður þáttur verkfræðiskrifstofa á Ísafirði, sem bæjarstjórnin nú hefur gert samþykkt um, hlýtur að verða í byggðakjarnskipulagi, sem mikið er rætt um, en of lítið gert að.“

„Á vorri storð — eitt verk er meir — en þúsund orð.“

Ef til vill er líka óþarft að láta fleiri orð fylgja frumvarpinu. Með því er tekið undir kenninguna um myndun byggðakjarna eða þéttbýliskjarna til þess að efla jafnvægi í byggð landsins. Það er sannfæring bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, og þeirrar skoðunar er flutningsmaður frumvarpsins einnig, að dreifing þeirra þjónustustofnana, sem nú eru nær undantekningarlaust staðsettar í höfuðborginni, sé þýðingarmikil ráðstöfun til byggðajafnvægis og jafnréttis. Og sé mönnum alvara í þeim efnum, væri ekki úr vegi, að athafnir kæmu í orða stað, einmitt frá Alþingi Íslendinga. Frumvarpið getur því orðið eins konar prófsteinn á raunverulega afstöðu alþingismanna í byggðajafnvægismálum. Er ekki að efa, að þeir muni standast það próf.

Ef til vill verður sú röksemd færð fram gegn frumvarpinu, að stofnun sérstakrar verkfræðiskrifstofu í Vestfjarðakjördæmi muni auka kostnað við opinberar framkvæmdir. Yfirstjórn þessara mála verði ódýrust með því, að ein þjónustumiðstöð í hverri grein, staðsett í Reykjavík, annist hana. Ekki skal því neitað, að stofnun þeirrar sérfræðiskrifstofu, sem hér um ræðir, kunni að kosta aukin útgjöld, en þó er það engan veginn sannað mál, að svo verði. Ferðir sérfræðinga út um allt land frá þjónustumiðstöðvunum í Reykjavík kosta líka nokkurt fé, sem sparast mundi að verulegu leyti með þeirri breyttu skipan, sem hér er lagt til, að upp verði tekin.

Hitt skiptir meira mál, að betri þjónusta væri tryggð með hinni nýju skipan. Þess mætti vænta, að tæknilegur undirbúningur mannvirkjagerðar yrði betur felldur að aðstæðum, og vist gæti það fljótlega sparað verulegar fjárhæðir, ef betri aðstaða skapaðist til að láta sérfræðinga fylgjast með verklegum framkvæmdum hins opinbera.

Hitt verður ekki dregið í efa, að sveitarfélögum á Vestfjörðum væri mikil stoð að starfsemi slíkrar skrifstofu og leiðsögn hennar í verklegum efnum. Hið sama má segja um einstaklinga og fyrirtæki, sem þannig fengju greiðan aðgang að skrifstofunni í heimahéraði í stað þess, að nú verður alla tæknilega aðstoð að sækja til Reykjavíkur.

Hér er vissulega um nokkurt nýmæli að ræða. En þrátt fyrir það vill flutningsmaður vænta þess, að frumvarpið hljóti greiðan gang gegnum þingið, þar eð byggðajafnvægismálin geta naumast komið nokkrum þingmanni ókunnuglega fyrir.